

## Mál nr. 1/2011-2012

**Kærandi:** Sportverslunin Jói útherji, Ármúla 36, Reykjavík

**Kærðu:** Börkur Gunnarsson og Morgunblaðið

**Kæruefni:**

Pistillinn Augnablikið eftir Börk Gunnarsson í Morgunblaðinu 11. september 2011 undir fyrirsögninni Dásamlegur dónaskapur.

**Málavextir:**

Kærð eru með bréfi 19. október sl. ummæli pistlahöfundar um dónaskap sem hann telur sig hafa mætt í umræddri verslun og um óeðlilega hátt vöruverð. Ummælin hafi skaðað ímynd verslunarinnar og valdið henni tjóni í fjárhagslegu tilliti vegna lækkandi veltu.

**Umfjöllunin:**


Málið var tekið fyrir hjá siðanefnd BÍ 31. október. Fyrir siðanefnd liggur vegna eðlis umfjöllunar þessarar að horfa til 5. greinar siðareglna en í henni segir m.a.: „Siðareglur þessar setja ekki hömlur á tjáningafrelsi blaðamanna sem skrifa undir fullu nafni afmarkaða þætti í fjölmiðlum, til dæmis gagnrýni, þar sem persónulegar skoðanir höfundar eru í fyrirrúmi.”

Af afriti af umræddum pistli er augljóst að hann er „afmarkaður þáttur” undir heitinu *Augnablikið* og skrifaður „undir fullu nafni”. Af því leiðir að ekki er á valdi siðanefndar BÍ að úrskurða um umrædd skrif í ljósi tilvitnaðrar málsgreinar 5. greinar siðareglna BÍ.


**Úrskurður:**


Kæru sportverslunarinnar Jóa útherja er vísað frá.


Reykjavík 31. október 2011.

  
Björn Vignir Sigurpálsson

  
Hjörtur Gíslason

  
Róbert H. Haraldsson

  
Friðrik Þór Guðmundsson

  
Jóhannes Tómasson